

## Fundargerð

### 176. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 11. desember 2012 kl. 12<sup>15</sup> – 14<sup>00</sup>.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Bryndís Skúladóttir (BS)  
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) (fjarverandi) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir  
Halldór Haraldsson (HH)  
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstraryfirlit og áætlun 2010 - 2015
- (3) Breytingar um lagaákvæði um raftæki
- (4) Önnur mál

### 1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (175. fundar).

### 2. Rekstraryfirlit og áætlun 2010 – 2015

Farið var yfir og lagðar fram á fundinum tillögur um hækkun úrvinnslugjalds sem hafa verið til skoðunar hjá stafsmönnum og stjórnarmönnum í nokkurn tíma. m.a. hefur verið farið yfir þær á nokkrum fundum með framleiðendum og innflytjendum viðkomandi vara.

*Stjórn samþykkir aðleggja fyrir ráðherra að hækka:*

*Plastumbúðir og heyrúlluplast í 14 kr/kg*

*Málningu í 42 kr/kg*

*Leysiefni lægra gjald í 25 kr/kg og hærra gjald í 150 kr/kg*

*Framköllunarefni í 160 kr/kg*

### 3. Breytingar á lagaákvæðum um raftæki

ÓK gerði grein fyrir fundi sem ráðuneytið hélt með sjóðnum og fulltrúum atvinnulífsins, í vikunni sem leið. Þar var komið á framfæri óskum ÚS að nýta stofnanir ríkisins sem nú þegar fara með eftirlit sbr. Umhverfisstofnun verði falið að hafa eftirlit með nokkrum þáttum framleiðendaábyrgðar enda falla þau að starfi Umhverfisstofnunar.

Ekki er kominn endanlegur listi yfir tollnúmer frá UAR fyrir raf- og rafeindatæki. Lögð fram drög að áætlun um kostnað við söfnun og úrvinnslu raftækjaúrgangs og nauðsynlegt úrvinnslugjald. Unnið var út frá gögnum frá Tolti, RR-SKILUM og Samskilum bæði er varðar álagningu á tollnúmer sem og innsöfnun og meðhöndlun rr-úrgangs. Einnig voru lögð fram gögn um áætlun um magntölur og skilahlutföll raftækja og raftækjaúrgangs. ÓK fór ítarlega yfir gögnin og áætlun um magn raftækjaúrgangs og væntanlega innsöfnun og meðhöndlun hans. Gerð er krafa í tilskipun vegna raf- og rafeindatækjaúrgangs um að ná 45% skilahlutfall rr-tækja til

endurnotkunar endurvinnslu og endurnýtingar á árinu 2016. ÓK fór yfir og lagði fram minnisblað um forsendur rekstrar væntanlegs kerfis rr- úrgangs innan Úrvinnslusjóðs. GGP ræddi það og spurði hver er ávinningur af því yrði fyrir innflytjendur og framleiðendur, kostnaðarlega, að ÚS taki kerfið yfir? Hann telur það mikilvægt að það liggi fyrir áður en ákvörðun er tekin af stjórn ÚS um álagt úrvinnslugjald á raftæki. ÓK fór yfir það að flutningskostnaður væri ekki greiddur af rr-úrgangi utan af landi. Einnig ræddi hann um sameiginlega kostnað við ut anumhald kefisins á einum stað í stað þriggja í dag þ.mt. stýrinesnd. Það væri m.a. ávinningur við að málefni rr-úrgangs færi undir ÚS. BG benti á að ekki væri hægt að sjá að reiknað væri með kostnaði við stýrinesnd í gjaldskrá skilakerfanna. Sá kostnaður mun ekki vera til staðar ef ÚS tekur við rekstri rr-úrgangs. Einnig þarf að leggja fram tryggingu hjá Umhverfisstofnun ásamt því að borga leyfisgjöld. GGP taldi að hægt væri að meta þessa hagræðingu til fjár og væri gott að hafa upphæð á þeirri hagræðingu við ákvörðun á gjaldskrá ÚS vegna rr-úrgangs. ÓK falið að koma með útreikning á áætluðum sparnaði fyrir stjórn.

#### 4. Önnur mál

Engin.

Næsti fundur ákveðinn 18. desember 2012.

Fundi slitið kl 14:00

Mál sem þarfnast áframhaldandi vinnu:

- 27-04-10 Greinargerð um framkvæmd veiðarfærasamnings
- 29-06-10 Skrifa bréf til Sorpu vegna útboðs á spilliefnum
- 22-02-11 Starfshópur um forsendur flutningsjöfnunar
- 17-05-11 Skrá grundvallarsjónarmið við gerð gjaldskráa og breytinga á þeim.
- 19-07-12 Kanna hagkvæmni stórflutninga (bulk) við meðhöndlun á flokkuðum umbúðum.